

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Brynhildi Pétursdóttur
um fylgd forseta Íslands til og frá Keflavíkurflugvelli
og greiðslur til handhafa forsetavalds.

1. *Tiðkast enn sú venja að handhafar forsetavalds fylgi forseta Íslands til og frá Keflavíkurflugvelli vegna ferða hans til og frá landinu?*

Að ósk forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, hefur verið ákveðið að leggja af þá venju að einn af handhöfum forsetavalds fylgi forseta til og frá Keflavíkurflugvelli þegar hann fer utan í embættiserindum.

2. *Ef svo er, hversu oft var honum fylgt árlega árin 2012–2015?*

Árið 2012 var forseta fylgt í 13 skipti, árið 2013 í 14 skipti, árið 2014 í sex skipti og árið 2015 í 12 skipti.

3. *Hverjar hafa árlegar greiðslur verið til handhafa forsetavalds á árunum 2010–2015 vegna ferða forsetans til útlanda?*

Handhafar forsetavalds hafa ekki fengið greitt sérstaklega fyrir fylgdina.